

Handbók um vettvangsnám í þroskaþjálfafraeði

Grunn- og framhaldsnám

Handbók uppfærð í september 2025

Efnisyfirlit

Formáli	3
Markmið með vettvangsnámi	4
Áherslur og framvinda í vettvangsnámi	4
Skipulag og inntak vettvangsnáms	5
Vettvangsnám á 2. ári	5
Vettvangsnám á 4. ári	6
Samstarf um menntun þroskaþjálfa	7
Leiðbeinendur á vettvangi	8
Nemi	9
Umsjónarkennari vettvangsnáms/háskólakennarar	11
Umsögn um vettvangsnám - mat	11
Greiðslur fyrir leiðsögn	12
Verkefnisstjóri vettvangsnáms	12
Óvænt atvik	12

Formáli

Vettvangsnám er grunnþáttur í þroskaþjálfanámi. Handbókin fjallar um markmið vettvangsnáms og samstarf þroskaþjálfanema, vettvangs og Háskóla Íslands. Tilgangur handbókar er að skýra samstarfsrammann, hlutverk samstarfsaðila og reglur Menntavísindasviðs um vettvangsnám með áherslu á að hver aðili þekki hlutverk sitt og viti hvers hann getur vænst af öðrum.

Markmið með vettvangsnámi

Vettvangsnám er mikilvægur þáttur í menntun þroskaþjálfa og er sá hluti námsins sem fram fer á sjálfum starfsvettvangnum. Í vettvangsnámi kynna nemendur sér mismunandi vettvangsstaði og starfshætti á ákveðnu sviði. Þeir sinna störfum og fá leiðsögn reyndra þroskaþjálfa og er þeirri leiðsögn ætlað að efla bæði starfshæfni nema og fagmennsku. Í vettvangsnámi er nema ætlað að sýna frumkvæði og virkni og taka þátt í öllu daglegu starfi eftir því sem við verður komið.

Megintilgangur vettvangsnáms er að gefa þroskaþjálfanemum tækifæri til að þróa fagmennsku sína á vettvangi og kynnast fjölbreyttum störfum þroskaþjálfa. Nemendur fá tækifæri til að átta sig á eðli starfsins, ábyrgð fagmannsins og læra hvernig lög og reglur skapa ramma um þá þjónustu sem þroskaþjálfar veita.

Áherslur og framvinda í vettvangsnámi

Menntun þroskaþjálfa er samstarfsverkefni Háskóla Íslands annars vegar og vettvangs hins vegar. Í háskólanum öðlast nemi m.a. þekkingu og skilning á fræðum og kenningum og fær tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og skoða hana í fræðilegu ljósi. Á vettvangi fær nemi reynslu og innsýn í starfið og öðlast um leið tækifæri til að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýta reynslu. Þannig verður til fagþekking með gagnkvæmu samspili háskóla og starfsvettvangs.

Vettvangsnámið er samofið fræðilegri umfjöllun í námskeiðum. Í fyrri vettvangsnámslotunni (nemendur á 2. ári) er lögð áhersla á að nemi kynnist starfi á vettvangi, fái að fylgja þroskaþjálfanum í hans störfum, taki jafnframt þátt í starfinu og læri þannig til starfsins. Í seinni vettvangsnámslotunni (nemendur á 4. ári) er lögð meiri áhersla á frumkvæði og sjálfstæði nema og að hann sýni í verki meiri færni og dýpri skilning á ákveðnum þáttum starfsins. Nemi þarf að öðlast innsýn í faglegt hlutverk þar á meðal stjórnun og forystu ásamt því að taka þátt í faglegri umræðu um hlutverk þess vettvangs sem starfað er á. Þá er nemanum ætlað að fá innsýn í þá hugmyndafræði sem þroskaþjálfrafræði byggir á og hvernig hún birtist í daglegu starfi, ásamt því að skipuleggja og vinna með fjölbreytt viðfangsefni með þátttöku og virkni þjónustuþega að leiðarljósi. Samhliða vinnu við verkefni úr háskóla tekur nemi þátt í daglegu starfi á vettvangi og tekst þannig á við að samþætta þekkingu sína og færni í daglegu starfi. Með verkefnum nema skapast jafnframt tækifæri fyrir leiðbeinanda og vettvanginn að kynnast nýrri þekkingu og rannsóknum á sviði þroskaþjálfrafræða. Þannig má líta á framlag nemans á vettvangi sem tækifæri til faglegrar umræðu og innlegg í símenntun þeirra sem þar starfa.

Skipulag og inntak vettvangsnáms

Í námi til starfsréttinda er vettvangsnámi nemenda skipt í tvö tímabil. Fyrri vettvangsnámið er á öðru námsári nemenda og stendur í 5 vikur. Seinna vettvangsnámið er á fjórða ári og stendur í 6 vikur.

Vettvangsnám á 2. ári

Viðfangsefni vettvangsnámsins er að tengja saman fræði og framkvæmd og er áhersla lögð á persónu- og fjölskyldumiðaða þjónustu. Nemendur sækja vettvangsnám sitt á valda vettvangsstaði og nema undir leiðsögn starfandi þroskaþjálfara. Þeir taka virkan þátt í störfum leiðbeinenda sinna í samræmi við leiðsagnaráætlun og læra vinnulag við framkvæmd einstaklingsbundinnar og persónumiðaðrar þjónustu. Í vettvangsnáminu er miðað að því að nemendur kynnist innra starfi viðkomandi stofnunar, þjónustunni sem hún veitir ásamt þeirri hugmyndafræði og lagalega ramma sem hún starfar eftir. Nemendur sækja vikulega leiðsagnarfundi til leiðbeinenda sinna. Auk þess skapa leiðbeinendur nemendum tækifæri til heimsóknna á aðra þjónustustaði.

Nemendur fara í vettvangsnám í 5 vikur á vormisseri. Gert er ráð fyrir vettvangsnámi á dagvinnutíma, 6 klukkustundir á dag og því þurfa nemendur að gera ráð fyrir þeim tíma í sínu skipulagi. Það er 100% mætingarskylda í vettvangsnám.

Ekki er leyfilegt að nemendur fari í vettvangsnám á eigin vinnustað og eru færð eftirfarandi rök fyrir því:

- Nauðsynlegt er að nemendur fái frelsi til að vera nemar. Það felur í sér að þeirra eina ábyrgð er gagnvart sér og náminu, ekki gagnvart vinnuveitanda.
- Nemendur eru hvattir til að vera gagnrýnir, greinandi og koma með hugmyndir að nýjum leiðum þar sem úrbóta er þörf – slíkt getur verið erfitt á eigin vinnustað.
- Þroskaþjálfar starfa á fjölbreyttu starfssviði og vettvangsnámið er tækifæri fyrir nemendur til þess að víkka sjóndeildarhringinn og læra nýja hluti. Tillit verður tekið til óska nemenda um vettvangsnám á ákveðnu starfssviði.
- Fáir nemar úthlutað vettvangsstað sem þeir tengjast, t.d. vegna starfa sinna þar, skulu þeir án tafar hafa samband við umsjónarkennara námskeiðsins.

Nemendum er bent á að nýta sér þjónustu námsráðgjafa við skipulag náms.

Hæfniviðmið:

Að loknu námskeiði á nemandi að geta:

- Tengt saman fræðilega og hagnýta þekkingu í þroskaþjálfrafræðum
- Gert grein fyrir þjónustu við einstaklinga sem og persónumiðuðum starfsháttum og skilgreint hlutverk þroskaþjálfara í tengslum við þessa þætti
- Nýtt sér persónumiðaða nálgun í þjónustu við einstaklinga
- Rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni.
- Tekið virkan þátt í samstarfi og teymisvinnu.

Vettvangsnám á 4. ári

Í vettvangsnámi fá nemendur tækifæri til þess að dýpka starfstengda þekkingu á sínu kjörsviði og tengja við fræðilegan og faglegan grunn sem og eigin starfskenningu. Áhersla er lögð á virka þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi þroskaþjálfar, þar sem sjónum er beint að réttindagæslu-, ráðgjafar- og leiðtogahlutverki þroskaþjálfar, teymisvinnu, þverfaglegu samstarfi og samráði við notendur þjónustu.

Leiðbeinendur í vettvangsnámi eru þroskaþjálfar sem starfa á kjörsviði nemanda. Leiðbeinendur hafa umsjón með námi og verkefnum nemanda á vettvangi í samstarfi við umsjónarkennara vettvangsnámsins. Nemendur vinna starfstengd verkefni í samræmi við kröfur vettvangsnámsins sem lúta að ábyrgð og skyldum þroskaþjálfar, faglegum og fræðilegum forsendum sem og beinni þátttöku í starfi á völdu sviði. Jafnframt því fá nemendur aðstöðu til að vinna að starfstengdum verkefnum í námskeiðum á sínu kjörsviði sem þeir sækja samhliða vettvangsnámi.

Hæfniviðmið:

Í lok námskeiðs á nemandi að geta:

- Lýst ábyrgð, starfsskyldum, helstu áskorunum og starfsþróun þroskaþjálfar í starfi nú og í náninni framtíð með sérstakri áherslu á valið kjörsvið.
- Nýtt fræðilega og faglega þekkingu úr námi í starfi á vettvangi og miðlað henni til samstarfsfólks á vettvangi
- Tekið virkan og ábyrgan þátt í faglegum verkefnum þroskaþjálfar á völdu kjörsviði.
- Notfært sér leiðsögn og handleiðslu til aukins árangurs í vettvangsnáminu.
- Átt árangursrík samskipti við leiðbeinendur, samstarfsfólk og notendur þjónustu
- Leitt teymisvinnu um verkefni í starfi
- Leitt umræður um álitamál og áskoranir í vettvangsnáminu.
- Unnið sjálfstætt, rökstutt eigin ákvarðanir á fræðilegum og faglegum grunni og lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem notaðar eru.
- Ígrundað eigið starf á fræðilegan og faglegan hátt og nýtt sjálfsrýni til starfsþróunar

Samstarf um menntun þroskaþjálfa

Menntun þroskaþjálfa er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs og vettvangs þar sem áhersla er lögð á sameiginlega ábyrgð, gagnkvæma virðingu og ávinning fyrir alla aðila. Menntavísindasvið ber ábyrgð á að skipuleggja vettvangsnámið og koma á tengslum milli nema og viðkomandi leiðbeinanda.

Námssamningur

Menntavísindasvið og samstarfsstofnun bera sameiginlega ábyrgð á nemanum í vettvangsnámi. Gerður er námssamningur við alla þroskaþjálfanema þegar þeir hefja vettvangsnám (sjá Viðauka). Í námssamningi þessum er kveðið á um skyldur þroskaþjálfanemans og samstarfsstofnunar og aðgengi nemans að gögnum. Einnig kemur fram í námssamningi hvert skal snúa sér ef upp koma vandamál á vettvangstímabili. Að lokum er talað um að með hliðsjón af lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er yfirmönnum samstarfsstofnana gert að óska eftir að þroskaþjálfanemi framvísi upplýsingum úr sakaskrá til staðfestingar á því að nemi hafi ekki brotið gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Námssamningurinn er undirritaður í upphafi vettvangstímabils af leiðbeinanda og þroskaþjálfanema og skilað til umsjónarkennara vettvangsnáms.

Leiðbeinendur á vettvangi

Hlutverk þroskaþjálfara á vettvangi er að sinna leiðsögn nemenda og í þeim skilningi er hann því leiðbeinandi nemanda. Hlutverk leiðbeinanda er mjög mikilvægt í þroskaþjálfrafræðináminu. Hann þarf að hafa leyfisbréf sem þroskaþjálfari og trausta þekkingu á faggrein sinni. Hann þarf að hafa þekkingu á áherslum og markmiðum náms eins og þau birtast í kennsluskrá Háskóla Íslands. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 1120/2012 um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi ber „þroskaþjálfari ábyrgð á því að nemi, sem honum er falið að veita leiðsögn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsögn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.“¹

Leiðbeinandi þarf að hafa menntun í þroskaþjálfrafræði og leyfisbréf frá Landlæknisembætti, góða þekkingu á markmiðum, inntaki og áherslum vettvangs og a.m.k. tveggja ára reynslu sem þroskaþjálfari. Ef óskað er eftir undanþágu frá því viðmiði skal það metið í samráði við verkefnisstjóra vettvangsnáms.

Brýnt er að nemi fái ábendingar og tilsögn jafnt og þétt í námi sínu á vettvangi. Leiðbeinandi er fyrirmynd nema og þarf að vera reiðubúinn að ræða og rökstyðja eigin starfshætti, markmið og leiðir. Honum ber að taka frá tíma til að leiðbeina nemanum, vera hvetjandi og styðjandi um leið og hann beitir heiðarlegri gagnrýni sem miðar að því að nemi geti bætt sig þar sem það á við.

Hlutverk leiðbeinanda á vettvangi:

- Tekur á móti nema, kynnir hann fyrir öðrum á starfsstað og útskýrir ástæðu veru hans á vettvangsstað.
- Ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd á starfsmiðuðum áherslum vettvangsnámsins og sendir leiðsagnaráætlun til umsjónarkennara námskeiðs til upplýsingar.
- Skapar nemendum tækifæri til virkrar og ábyrgrar þátttöku í öllum þeim þáttum sem felast í starfi þroskaþjálfara á viðkomandi sviði.
- Lætur nema skrifa undir samning (Háskóli Íslands útvegar, sjá viðauka), trúnaðaryfirlýsingu (vettvangsstaður útvegar)
- Óskar eftir sakavottorði áður en vettvangsnám hefst.
- Veitir nemanda svigrúm til að efla sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og fagleg vinnubrögð.
 - Sé leiðbeinandi fjarverandi eða að sinna öðru á meðan hann er með nema í leiðsögn þá þarf að vera skýrt hvert nemandi getur leitað hafi hann spurningar.
- Er með vikulega samráðsfundi með nema.

¹ Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, nr. 1120/2012

Leiðbeinandi býr nemandur undir fjölbreytt starf þroskaþjálfans og miðlar hugmyndum og ábendingum. Viðkomandi er ráðgjafi nema, leiðbeinir honum í náminu og metur frammistöðu hans. Hann beinir sjónum nemans að samstarfi við þjónustunotendur þar sem áhersla er lögð á virðingu og persónumiðaða nálgun, við annað starfsfólk á vettvangsstað, foreldra/forráðamenn (þar sem við á) og beinir sjónum nema einnig að þverfaglegu samstarfi og teymisvinnu þvert á stofnanir.

Í upphafi vettvangsnáms þarf að fara fram samtal milli leiðbeinanda og þroskaþjálfanema. Nemandi ber ábyrgð á því að setja sig í samband við leiðbeinanda á vettvangsstað (sjá nánar í kaflanum um nema).

Leiðbeinandi ber ábyrgð á að skila af sér mati á frammistöðu þroskaþjálfanemans og umsögn um hann í lok vettvangstímabils. Mikilvægt er að farið sé yfir mat og umsögn með þroskaþjálfanemanum áður en hann fer af vettvangi. Þroskaþjálfaneminn hefur rétt á að sjá umsögn sína sem leiðbeinandi sendir Menntavísindasviði.

Leiðbeinandi þarf að hafa í huga:

- ✓ að veita nemanum frelsi til athafna
- ✓ að báðir hafa skilgreinda ábyrgð
- ✓ að styðja nemandur við að rýna í starfshætti sína
- ✓ að ræða við nemandur um framgang hans í vettvangsnáminu
- ✓ að miða endurgjöf við reynslu og þekkingu þroskaþjálfanemans

Leiðbeinendur fá matsblöð frá umsjónarkennara vettvangsnáms sem þeir nýta við mat og endurgjöf á frammistöðu nema.

Nemi

Nemi ber sjálfur ábyrgð á eigin námi. Til þess að axla hana, þarf hann að vera sjálfstæður og læra að treysta á sjálfan sig. Hann þarf að leggja sig fram um að benda á það sem hann hefur áhuga á að takast á við, telur sig þurfa þjálfun í eða leiðsögn við t.d. í tengslum við áherslur námskeiða. Hann þarf að setja sér námsmarkmið og nýta vel þau tækifæri sem skapast til að æfa sig í beitingu faglegrar þekkingar á vettvangi undir handleiðslu leiðbeinanda. Nemi í vettvangsnámi ber ábyrgð á því að setja sig í samband við vettvangsstað áður en vettvangsnámið hefst formlega. Mikilvægt er að gengið sé frá námssamningi áður en formlegt vettvangsnám hefst. Hver þroskaþjálfanemi fær leiðbeinanda. Neminn gerir grein fyrir þeim væntingum sem hann ber til vettvangsnámsins og þeim verkefnum sem hann á að sinna í tengslum við námskeiðið á fyrsta fundi með leiðbeinanda.

Þroskaþjálfanemi þarf að hafa í huga að:

- ✓ hafa samband við leiðbeinanda vettvangsstaðar í tölvupósti þegar umsjónarkennari gefur leyfi til þess og nöfn leiðbeinanda/tengiliðs hafa verið birt
- ✓ skrá hugleiðingar eða minnisatriði um verkefni, fundi og annað sem hann tekur þátt í og þróa þannig skilning sinn á aðstæðum og viðfangsefnum

- ✓ hafa samráð við leiðbeinanda um viðveru
- ✓ tilkynna um veikindi tímanlega til leiðbeinanda og umsjónarkennara námskeiðs
- ✓ gæta trúnaðar og ræða ekki utan vettvangsstaðar einstaka mál eða atvik sem hafa átt sér stað
- ✓ sýna tillitssemi gagnvart öllu starfsfólki og þjónustunotendum
- ✓ snúa sér til leiðbeinanda síns eða umsjónarkennara námskeiðs ef upp koma vandamál eða ágreiningur

Fagmennska þroskaþjálfanemans endurspeglast í frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Hann þarf að leggja sig fram í vettvangsnámi. Hann þarf jafnframt að þekkja og hafa góð tök á verkefnum sínum og viðfangsefnum og ígrunda eigin vinnu og annað sem hann tekur þátt í á vettvangi. Hann þarf að afla sér þekkingar á starfi þroskaþjálfara og temja sér jákvæðar og raunhæfar væntingar í eigin námi. Mikilvægt er að neminn leiti eftir leiðsögn og bregðist jákvætt við henni.

Þroskaþjálfanemi ber ábyrgð á að nýta sér sem best það námsumhverfi sem Menntavísindasvið og samstarfsstofnun skapa honum í sameiningu. Hann leggur einnig drög að starfskenningu sinni með reynslu sinni af vettvangsnámi og samstarfi við leiðbeinanda með því að afla gagna um hugmyndafræði og starfshætti með skipulögðum hætti, s.s. með athugunum og rannsóknum. Mikilvægt er fyrir nemana að, fylgja þroskaþjálfanum í starfi þeirra og framkvæma athuganir við fjölbreyttar aðstæður. Gagnlegt er að nemar íhugi og skrifi um reynslu sína jafnóðum, eða eins fljótt og því verður við komið. Einnig er gott að þroskaþjálfanemar hafi samstarf sín á milli og ræði um verkefni sín og reynslu á vettvangi.

Sú stefna er höfð að leiðarljósi í vettvangsnámi á vegum Menntavísindasviðs að nemar stundi ekki vettvangsnám á eigin vinnustað. Fyrir þeirri stefnu liggja margs konar rök, þar á meðal:

- ✓ vettvangsnám þeirra sem eru á sínum vinnustað getur orðið mjög frábrugðið vettvangsnámi á stað sem nemi hefur ekki komið á áður
- ✓ það er mikilvægt að nemar Menntavísindasviðs fái frelsi til að vera nemar. Það felur í sér að þeirra eina ábyrgð er gagnvart sér og náminu en ekki gagnvart vinnustað sínum
- ✓ nemar ættu ekki að vera settir í þá stöðu að greina eigin vinnustað þar sem viðkomandi kemur til með að starfa áfram eftir að vettvangsnámi lýkur. Aðstæður sem þessar geta haft heftandi áhrif á nám nema
- ✓ vettvangsnáminu er ætlað að víkka sjóndeildarhring nema. Það gerist með því að skoða fleiri starfsstaði en þann sem neminn starfar á. Með því að kynnst starfsháttum, stefnu og umhverfi annarra starfsstaða fær neminn ríkari tilfinningu fyrir fjölbreyttu starfi þroskaþjálfara
- ✓ hafi nemi ekki tök á að missa úr vinnu þá þarf hann að seinka sínu vettvangsnámi, en gera jafnframt ráðstafanir fram í tímann hvað það varðar í tengslum við vinnu.

Umsjónarkennari vettvangsnáms/háskólakennarar

Kennarar á þroskaþjálfrafræðibraut/Menntavísindasviði undirbúa nemendur fyrir störf á vettvangi með því að fjalla um rannsóknir og þann fræðilega grunn sem nám og störf þroskaþjálfra grundvallast á. Á vettvangi fá nemendur svo tækifæri til að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýta reynslu.

Umsjónarkennari vettvangsnáms sendir tölvupóst til leiðbeinenda eftir að vettvangsnám hefst, heldur fundi með leiðbeinendum eða hefur samband við vettvangsstaði á annan hátt eftir aðstæðum. Gott er að þroskaþjálfanemar fái einnig þann tölvupóst sem sendur er til vettvangsstaðar. Reynt verður að koma því við að þroskaþjálfanemar á höfuðborgarsvæðinu fái kennara frá Menntavísindasviði í heimsókn að minnsta kosti einu sinni í grunnnáminu. Þar fari fram þríhliða umræða þroskaþjálfanemans, leiðbeinanda og kennara frá Menntavísindasviði. Þegar heimsókn verður ekki við komið er komið á fundi þessara þriggja aðila með aðstoð upplýsinga- og samskiptatækni.

Háskólakennari þarf að hafa í huga að:

- ✓ þroskaþjálfanemi hafi rými til að samræma kröfur háskólans og áætlanir leiðbeinanda
- ✓ koma á samræðu milli þroskaþjálfanema, leiðbeinanda og háskólakennara
- ✓ setja fram fagleg rök fyrir vali sínu á viðfangsefni og nálgun
- ✓ leggja grunn að góðum samskiptum við leiðbeinanda
- ✓ hafa samráð við leiðbeinanda um heimsóknir og samskipti við vettvang
- ✓ taka mið af verklagi Menntavísindasviðs við skipulagningu vettvangsnáms

Umsögn um vettvangsnám - mat

Menntavísindasvið leggur fram viðmið fyrir mat leiðbeinanda á vettvangsnámi. Mikilvægt er að þroskaþjálfanemar og leiðbeinendur þekki vel þau viðmið sem lögð eru til grundvallar umsögn og mati um vettvangsnám. Á rafrænu eyðublaði fyrir umsögn um vettvangsnám kemur fram hvaða upplýsingar liggja til grundvallar. Meginþættirnir eru: viðhorf og virðing gagnvart þjónustunotendum og starfi þroskaþjálfra, frumkvæði/sjálfstæði í vinnubrögðum, þekking, samstarfsvilji og hæfni til að taka við leiðsögn, skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun. Áhersla er lögð á að nemi stundi vettvangsnámið samviskusamlega og taki mið af reglum og viðmiðum þeirrar stofnunar þar sem vettvangsnámið fer fram. Hann þarf að sýna þekkingu á faglegu inntaki starfsins og leggja sig fram við að vera í góðum samskiptum við þá sem hann starfar með, bæði starfsfólk og þjónustunotendur. Vettvangsnámið er metið af leiðbeinanda og þroskaþjálfanema þar sem neminn ígrundar eigin frammistöðu og fær tækifæri til að ræða um styrkleika sína og hvað hann vill bæta í tengslum við eigin fagmennsku. Leiðbeinandi fyllir út rafrænt eyðublað frá Menntavísindasviði. Þar má gera grein fyrir styrkleikum og veikleikum þroskaþjálfanemans. Matinu er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir þroskaþjálfanemann fyrir áframhaldandi nám og starf á vettvangi. Nauðsynlegt er að leiðbeinandi sendi rafræna eyðublaðið með umsögn um vettvangsnámið til umsjónarmanns vettvangsnáms um leið og vettvangsnáminu lýkur og fari yfir matið með þroskaþjálfanemanum áður en hann fer.

Greiðslur fyrir leiðsögn

Leiðbeinendur á vettvangi fá greitt fyrir leiðsögn nema á vettvangi og fer upphæðin eftir vettvangseiningafjölda í námskeiðum og fjölda nema. Gengið er frá greiðslum við hvern leiðbeinanda þegar námsmati og umsögnum hefur verið skilað inn fyrir alla nema sem voru á vettvangi á viðkomandi vettvangsstað.

Verkefnisstjóri vettvangsnáms

Verkefnisstjóri vettvangsnáms kemur á samskiptum milli Menntavísindasviðs, samstarfsstofnunar og þroskaþjálfanema. Verkefnisstjóri sér um heildarskipulag vettvangsnáms á Menntavísindasviði og leiðir samskipti allra þeirra aðila sem koma að vettvangsnámi.

Óvænt atvik

Menntavísindasvið og samstarfsstofnanir ítreka við nema að vettvangsstaðurinn er viðkvæmur vinnustaður þar sem gildi eins og ábyrgð, traust og virðing skipta miklu máli. Mæta þarf ýmsum óvæntum atvikum sem upp geta komið í vettvangsnámi. Hér verður fjallað um nokkur atriði:

- ✓ þroskaþjálfanemi þarf að tilkynna leiðbeinanda, umsjónarkennara vettvangsnáms og verkefnisstjóra vettvangsnáms ef hann ákveður að hverfa frá námi
- ✓ ef upp kemur sú staða að þroskaþjálfanemi eða leiðbeinandi upplifi trúnaðarrest eða skort á virðingu og tillitssemi er best að ræða það fyrst við hinn aðilann. Ef þeir finna ekki lausn á vandanum snúa þeir sér til Menntavísindasviðs sem tekur ákvörðun um framvindu málsins
- ✓ telji þroskaþjálfanemi að leiðbeinandi sinni honum ekki nægilega vel og hann geti ekki rætt það við leiðbeinanda sinn ætti hann að snúa sér til umsjónarkennara vettvangsnáms
- ✓ nema ber að skila inn læknisvottorði ef um langvarandi veikindi er að ræða á meðan vettvangsnám stendur yfir
- ✓ þegar upp koma veikindi á meðan á vettvangsnámi stendur skal þroskaþjálfanemi vinna upp þann tíma sem hann missir af. Mikilvægt er að nemi tilkynni veikindi til leiðbeinanda á vettvangi
- ✓ leiðbeinandi skal láta verkefnisstjóra vettvangsnáms eða umsjónarmann vettvangsnáms vita ef þroskaþjálfanemi mætir ekki til starfa, kemur illa undirbúinn eða sinnir ekki skyldum sínum á vettvangi á einhvern annan hátt. Nauðsynlegt er að vettvangsnámi sé vel sinnt og að það hafi forgang hjá nemanum.

Um miðbik vettvangstímabils fá leiðbeinendur senda könnun sem byggir á matsþáttum námsins. Leiðbeinendur fylla þessa könnun út en þessari könnun er ætlað að styðja við leiðbeinendur og nemendur. Ef nemandi kemur ekki vel út úr mati um miðbik vettvangsnáms er hægt að grípa inn í og koma með leiðir til úrbóta. Með þessum hætti fær nemandi tækifæri til að taka sig á í náminu. Komi hins vegar í ljós, í lok vettvangsnáms, að nemandi hafi ekki nýtt þetta tækifæri þá er sá möguleiki fyrir hendi að nemandi falli í

vettvangsnámi.

Nemi í vettvangsnámi telst ekki standast lágmarkskröfur ef hann:

- ✓ hefur ekki góð tök á þeim verkefnum sem hann á að sinna í vettvangsnámi og er illa í stakk búinn til að takast á við þær kröfur sem gerðar eru til hans
- ✓ sýnir lítið frumkvæði og er vanvirkur á vettvangsstað
- ✓ sinnir ekki þeim verkefnum sem honum eru sett fyrir á vettvangsstað
- ✓ sýnir óviðeigandi hegðun gagnvart samstarfsfólki og/eða þjónustunotendum
- ✓ brýtur trúnað
- ✓ skilar texta sem skilst illa og stenst ekki kröfur um skrif á háskólastigi
- ✓ uppfyllir ekki lágmarks stundafjölda vettvangsnáms

Ef þroskaþjálfanemi stenst ekki lágmarkskröfur í vettvangsnáminu um framfarir, vinnubrögð eða tímafjölda á vettvangi skal Menntavísindasviði tilkynnt það sem allra fyrst. Nemi fær tækifæri til að taka sig á en ef það er mat leiðbeinanda og fulltrúa Menntavísindasviðs að viðkomandi hafi ekki tekið nægum framförum er sá möguleiki fyrir hendi að lengja vettvangsnámstímabilið um einhverja daga sé talið að það geti nýst nemanum. Nemandi sem nær ekki lágmarksviðmiðum í námsmati í vettvangsnámi þarf að taka námskeiðið aftur.

VIÐAUKI

**Námssamningur**

Námssamningur þessi er gerður á milli nema í þroskaþjálfrafræði í námskeiðinu *PRS401G Vettvangsnám* við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og leiðbeinanda fyrir hönd viðkomandi vettvangsstaðar.

Vettvangsstaður: _____

Nafn leiðbeinanda á vettvangi: _____

Nafn þroskaþjálfanema: _____ Kt.: _____

1. Leiðbeinandi sér til þess að þroskaþjálfanemi fái aðgang að vettvangsstað í vettvangsnámi, er honum innan handar vegna vettvangstengdra verkefna samkvæmt nánara samkomulagi þar um og veitir honum jafnframt leiðsögn og stuðning.
2. Leiðbeinendur veita nemendum leiðsögn og innsýn í störf þroskaþjálfra á vettvangi, og tækifæri til þátttöku í þeirri ábyrgð og skyldum sem starfið felur í sér.
3. Leiðbeinendur á vettvangi bera ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd á starfsmiðuðum áherslum vettvangsnámsins.
4. Þroskaþjálfanemi ber ábyrgð á námi sínu og verkefnum á vettvangi með sama hætti og hann er ábyrgur fyrir námsframvindu sinni í náminu almennt.
5. Þroskaþjálfanemi sýnir vettvangsstað og starfinu sem þar er unnið tilhlýðilega virðingu og skal leggja sig fram í samskiptum við alla þá er tengjast staðnum og starfinu.
6. Þroskaþjálfanemi sýnir áhuga, frumkvæði og ábyrgð á námi sínu. Hann sýnir háttvísi í hvívetna og leggur sig fram um að fara eftir leiðbeiningum.
7. Þroskaþjálfanemi skal vera stundvís og gefa leiðbeinanda upplýsingar um breytingar sem verða á högum hans í náminu. Þroskaþjálfanemi skal tilkynna leiðbeinanda um forföll eins fljótt og auðið er.
8. Komi upp trúnaðarbrestur milli þroskaþjálfanema og leiðbeinanda sem ekki finnst lausn á skal snúa sér til umsjónarkennara námskeiðs og/eða eftir atvikum Kennsluskrifstofu Menntavísindasviðs
9. Þroskaþjálfanema er ljóst að hann er bundinn þagnarskyldu um allt er varðar málefni vettvangsstaðar og einstaklinga innan hans.
10. Þroskaþjálfanema er ljóst að með hliðsjón af lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögum um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er yfirmanni vettvangsstaðar heimilt að óska eftir því að þroskaþjálfanemi framvísi upplýsingum úr sakaskrá til staðfestingar á því að nemi hafi ekki brotið gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Staður og dagsetning

Leiðbeinandi

Þroskaþjálfanemi

